TÓV

1863

# Krossá Skarðsströnd

# Teljarastífla

Greinargerð

og

kostnaðaráætlun

Tillaga A

Apríl 2021

Vífill Oddsson verkfr.

# Krossá - Skarðsströnd

## Teljarastífla

### Tillaga A

Krossá hefur um 47 km² afrennslissvið og er talin dragá. Ekki eru til samfelldar rennslismælingar af ánni en til eru rennslismælingar af Þverá á Langadalsströnd og ef settar eru upp kennitölur fyrir Langadalsá í hlutfalli við afrennslissvið þessara áa fæst:

$$LQ = 0,5\ m^3/sek$$

$$MQ = 3,5\ m^3/sek$$

$$HQ = 15\ m^3/sek$$

Mælt rennsli 26/8 1954 var 1,5 $m^3$/sek og var talið venjulegt sumarrennsli.

---

Stífla þessi er til að fylgjast með göngu fiska í Krossá og er tillaga að stíflunni svipuð stíflu er reist var í Langadalsá í Ísafjarðardjúpi 2020. Stífla þessi er á tiltölulega sléttum klapparbotni og er um 12 m að lengd. Við bakkana eru malareyrar sem ganga út að ánni. Stíflan er 0,8 m á hæð og eru steyptir stöplar með 3 m millibili og þar á milli eru timburbitar. Um 3 m frá vesturbakkanum er 1,2 m breið renna þar sem er gönguleið fiska.

U.þ.b. 25 cm þykk plata er í botni stíflunnar og hvíla stölpar stíflunnar á henni, botnplatan festist við klöpp með innboruðum járnum sem steypast föst.

Í botnplötu steypist Ø 75 mm ídráttarrör frá eyrinni að teljara fyrir rafmagn og önnur pípa frá teljara fyrir aflestur af teljara.

Aðkoma er vestanmegin.

Meðfylgjandi er sundurliðuð kostnaðaráætlun sem er um [redacted] króna vegna framkvæmdarinnar ásamt teikningum.

Reykjavík, 29.04.2021

______________________

Vífill Oddsson verkfr.

# JÁRNBENT STEYPA
Skýringar

## JÁRNBENT STEYPA
## SKÝRINGAR

### UNDIRSTÖÐUR:

Teljarastíflan er grunduð á klöpp.
Mesta reiknislega álag á klöpp er:

$q_{max} = 0,5$ MPa.

Sökklar skulu aldrei vera minna en 30 cm undir efri brún botnplötu.
Efst og neðst í alla veggsökkla komi langjárn 2K12 nema annað sé tekið fram, járnin eru víxllögð um 80 cm í hornum og á samskeytum.




Punktar á grunnmynd tákna lóðrétt K12 járn 130 cm löng, sem standa 60 cm upp úr sökklum.
Botnplata skal vera 25 cm þykk og járnbendast með #K10c15 í báðum brúnum nema annað sé sýnt á teikningum.
Ef klöpp liggur dýpra en sýnt er komi malarfylling með þjöppunargildi sem samsvarar til 96% Standard – Proctors.

STÁLVIRKI:

Allt stál utanhúss skal vera heitgalvanhúðað.
Stál sem varið er fyrir veðrun og er inni í burðargrind skal vera grunnað + 2 umf. af olíumálningu.
Allt stál skal vera S 235 samkvæmt íslenskum staðli.
Allar suður í stálvirki skulu hafa a–mál > 5 mm nema annað sé tekið fram.

TRÉVIRKI (ÞAK):

Allt tréverk í stíflunni skal vera gagnvarið.
Naglar og girði skulu vera heitgalvaniserað.
Boltastærðir eru í mm, timburstærðir eru í tommum ("), önnur mál eru í cm.
Skinnur á boltum í trévirki skulu vera að þvermáli > 3d og þykkt > 0.3d þar sem d er þvermál bolta, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

### JÁRNBENDING:

Járnastærðir eru í mm, en önnur ónefnd mál í cm.

Steypustyrktarstál merkt R á teikningu er slétt stál ST 37.12. Steypustyrktarstál merkt K á teikningu er kambstál KS 50 með:

$\sigma_F$ ($\sigma_{0,2}$) = 500 Mpa.

MERKING JÁRNA:

K10 c 15 merkir að eitt 10 mm kambjárn komi á hverja 15 cm.

| | |
|---|---|
| —— | járn í neðri brún plötu. |
| —— | járn í efri brún plötu. |
| 1#: | einföld járnagrind í kross í miðjum vegg, nema annað sé tekið fram. |
| 2#: | tvöföld járnagrind í kross hvor um sig staðsett í útbrún veggjar. |

BEYGJUR OG SAMSKEYTI Á KS 50:

Mál í járnaskrá miðast við beinu línurnar. Þegar fundin er klippilengd dragast 5,5d frá gefinni lengd fyrir hverja 90° beygju, en 0,6d fyrir hverja 45° beygju.

| Þvermál járns | mm | 8 | 10 | 12 | 16 | 20 | 25 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þvermál beygju-hrings D=20d | cm | 16 | 20 | 24 | 32 | 40 | 50 |
| 90° beygja, 5.5d | cm | 4 | 6 | 7 | 9 | 11 | 14 |
| 45° beygja, 0.6d | cm | 0.5 | 0.5 | 1.0 | 1.0 | 1.5 | 2.0 |
| Víxlunarlengd á samskeytum | cm | 32 | 40 | 48 | 64 | 80 | 100 |

MERKING JÁRNA:




D = 3d fyrir slétt járn (ST 37.12)
D = 5d fyrir kamb-járn (Ks 50).
Heimilt er að nota Ks10 í stað R10 í gjarðir.

Allar gjarðir skulu vera úr suðuhæfu stáli.
Bil milli láréttra járna í bitum er 2,5 cm fyrir 16 mm járn, en 3 cm fyrir sverari járn.
Í plötum má ekki skeyta meira en þriðja hvert járn í þversniði, bil milli skeytiþversniða sé ekki minna en 40 x járnaþvermálið.

Járnum í efri brún er haldið uppi með stólum.
Yfir, undir og upp með múropum komi 2K12 er nái 60 cm út fyrir opin. Einnig komi 2K12 í alla veggenda og frístandandi veggi.
Með plötuopum komi jafn mörg járn og klippt eru burtu eða samsvarandi að þvermáli. Öll járn kringum op skulu ná 60 cm út fyrir opin.
Í steypuskilum ójárnbentra veggja komi K10 c 30 L=115 cm sem ganga 50 cm upp fyrir plötu.
Punktar á grunnmynd tákna K12 mm járn.

FRÁGANGUR Á HORNUM ÞAR SEM JÁRNAGRINDUR MÆTAST:




Vakin er athygli á nánari ákvæðum staðals ÍST 10.

FJARÐLÆGÐ JÁRNA FRÁ STEYPUYFIRBORÐI:

| | Hula í cm | | |
|---|---|---|---|
| | PLÖTUR | VEGGIR BITAR | STOÐIR |
| Innanhúss | 1.5 | 2.5 | 2.5 |
| Utanhúss og þar sem raki er mikill | 3.5 | 3.5 | 3.5 |
| þar sem sjórok er eða jarðvegssýrur | 3.5 | 4.0 | 4.0 |
| þar sem tærandi lofttegunda gætir | 3.5 | 4.0 | 4.0 |
| Í vatni | 4.0 | 4.5 | 5.0 |
| Steypa að jörðu, t.d. sökklar | 5.0 | 5.0 | 5.0 |

Járnum skal haldið í réttri fjarlægð frá mótum með þar tilgerðum klossum úr plasti eða steinsteypu.

STEINSTEYPA:

Öll steypa og steypuvinna skal vera í samræmi við staðal ÍST 10, framkvæmdaflokk B. Nota skal loftblendi sem gefur 5–6,5% loftinnihald við útlögn.
Titra skal alla steypu í mótum.
Sigmál steypu skal vera 8–10 cm.
Lágmarks sementsinnihald í C25 steypu er 300 kg/m³ og v/s < 0,55.
Lágmarks sementsinnihald í C30 steypu er 330 kg/m³ og v/s < 0,50.
Lágmarks sementsinnihald í C35 steypu er 360 kg/m³ og v/s < 0,45.
Hámarks steinastærð í steypu er 25 mm.

### BROTÞOLSFLOKKAR STEYPU:

| BYGGINGARHLUTAR | BROTÞOLSFLOKKUR |
|---|---|
| Öll steypa | C-35 |

Breytingar:

TÓV

TEIKNISTOFAN ÓÐINSTORGI, VERKFRÆÐISTOFA ehf.
Óðinsgötu 7
101 Reykjavík
Netfang: gusti@to.is
Sími: 510 2211

Verkefni: Krossá á Skarðsströnd Teljarastífla
Heiti: Járnb. steypa: Skýringar

| Hönnun: | | |
|---|---|---|
| | VÍFILL ODDSSON kt. 101237-3629 | VERKFRÆÐINGUR FVFÍ – FRV |
| | KRISTJÁN GUÐMUNDS. kt. 070254-5819 | VERKFRÆÐINGUR FVFÍ |
| | GÚSTAF VÍFILSSON kt. 231163-5069 | VERKFRÆÐINGUR FVFÍ |

Áritun aðalhönnuðar:

M.
R. V.O.
T. V.O./K.S.G.
Dags. Apríl 2021 Nr. 1863-1-1

# Teljarastífla: Grunnmynd 1:200




Vatnshæð neðan stíflu sett 10,0 m

Breytingar:

–

TÓV


TEIKNISTOFAN ÓDINSTORGI,
VERKFRÆDISTOFA ehf.
Óðinsgötu 7
101 Reykjavík
Netfang: gusti@to.is
Sími: 510 2210


Verkefni: KROSSÁ Á SKARDSSTRÖND

Heiti: TELJARASTÍFLA: Mæling á landi

| | | |
|---|---|---|
| Hönnun: | VÍFILL ODDSSON<br>kt. 101237-3629 | VERKFRÆDINGUR<br>FVFÍ – FRV |
| | GÚSTAF VÍFILSSON<br>kt. 231163-5069 | VERKFRÆDINGUR<br>FVFÍ |
| | KRISTJÁN S. GUDMUNDSSON<br>kt. 070254-5819 | VERKFRÆDINGUR<br>FVFÍ |

Áritun aðalhönnuðar:

M. 1:200
R. V.O.
T. V.O./I.V.
Dags. Mars 2021 Nr. 1863.1.2.

# JÁRNBENT STEYPA
# Teljarastífla
# Grunn- og hliðarmynd 1:100







## Skýringar:

Snið A, A', B og C, sjá bl. 1863-1-4.
Snið D, sjá bl. 1863-1-5.

Sjá einnig skýringar á bl. 1863-1-1, t.d. varðandi steypustyrkleika og um járnbendingu.

## Skýringar:

Steypa skal vera C-35 og nota loftblendi sem gefi 5-6% loftinnihald við útlögn.
Járn skal vera galvanhúðað.
Timbur skal vera gagnvarið og skal fjarlægjast úr stíflunni á vetrum.

Breytingar:

TÓV

TEIKNISTOFAN ÓÐINSTORGI, VERKFRÆÐISTOFA ehf.
Óðinsgötu 7
101 Reykjavík
Netfang: gusti@to.is
Sími: 510 2211

Verkefni: Krossá Skarðsströnd

Heiti: Járnb. steypa: Teljarastífla, Grunn- og hliðarmynd

| Hönnun: | | |
|---|---|---|
| | VÍFILL ODDSSON kt. 101237-3629 | VERKFRÆÐINGUR FVFÍ - FRV |
| | KRISTJÁN GUDMUNDS. kt. 070254-5819 | VERKFRÆÐINGUR FVFÍ |
| | GÚSTAF VÍFILSSON kt. 231163-5069 | VERKFRÆÐINGUR FVFÍ |

Áritun aðalhönnuðar:

M. 1:100
R. V.O.
T. V.O./K.S.G.
Dags. 30-04-2021 Nr. 1863-1-3

# JÁRNBENT STEYPA
## Teljarastífla
## Snið og sérmyndir 1:20

### Snið A–A 1:20 (á klöpp)




### Snið A'–A' 1:20




### Snið X–X 1:20




### Snið B–B 1:20




Skýringar, sjá bl. 1863–1–2

Breytingar:

TÓV

TEIKNISTOFAN ÓÐINSTORGI, VERKFRÆÐISTOFA ehf.
Óðinsgötu 7
101 Reykjavík
Netfang: gusti@to.is
Sími: 510 2211

Verkefni: Krossá Skarðsströnd

Heiti: Járnb. steypa: Teljarastífla, snið og sérmyndir

| | | |
|---|---|---|
| Hönnun: | VÍFILL ODDSSON kt. 101237–3629 | VERKFRÆÐINGUR FVFÍ – FRV |
| | KRISTJÁN GUÐMUNDS. kt. 070254–5819 | VERKFRÆÐINGUR FVFÍ |
| | GÚSTAF VÍFILSSON kt. 231163–5069 | VERKFRÆÐINGUR FVFÍ |

Áritun aðalhönnuðar:

M. 1:20
R. V.O.
T. V.O./K.S.G.
Dags. 30–04–2021 Nr. 1863–1–4

# JÁRNBENT STEYPA
## Teljarastífla
## Snið og sérmyndir 1:20

Skýringar, sjá bl. 1863-1-2

### Teljaraastífla
### Leið að teljaraopi
### Grunnmynd 1:20




### Sérmynd 1.1 1:10
### Festing stálbita




### Snið A-A 1:20




### Snið B-B 1:20




Breytingar:

TÓV

TEIKNISTOFAN ÓÐINSTORGI, VERKFRÆÐISTOFA ehf.
Óðinsgötu 7
101 Reykjavík
Netfang: gusti@to.is
Sími: 510 2211

Verkefni: Krossá Skarðsströnd

Heiti: Járnb. steypa: Teljarastífla, grunnmynd og snið

Hönnun: VÍFILL ODDSSON kt. 101237-3629 VERKFRÆÐINGUR FVFÍ - FRV
KRISTJÁN GUÐMUNDS. kt. 070254-5819 VERKFRÆÐINGUR FVFÍ
GÚSTAF VÍFILSSON kt. 231163-5069 VERKFRÆÐINGUR FVFÍ

Áritun aðalhönnuðar:

M. 1:20
R. V.O.
T. V.O./K.S.G.
Dags. Apríl 2021
Nr. 1863-1-5